

Fundur í Skólaráði 6. apríl 2016 kl. 13:30

Mættir voru Ágúst og Agnes fyrir nemendur, Lovísa og Rósa fyrir foreldra, Jórunn og Arna fyrir starfsfólk, Birna, Elvar boðaði forföll og ekki var vitað með Erlu Guðfinnu.

1. Sagt var frá niðurstöðu könnunar en þar kom fram að foreldrar, starfsmenn og nemendur eru sáttir við 170 daga skólaár, nemendur finna ekki fyrir að þessi lenging sé of mikil og ákveðið var að halda því áfram með 170 daga skólaár.
2. Ákveðið var að halda áfram með þrjár annir en foreldrar eru mjög ánægðir með það fyrirkomulag og segja að þetta minnki álag í desember. 80% starfsmanna eru sama sinnis. Nemendur ræddu að það hefði verið óþægilegt að koma inn eftir áramót og beint í mitt verkefni sem gengið hafði verið úr fyrir jólafrí. Þeim fannst þau þurfa upprifjun til að koma sér í gang aftur. Þá var rætt að kennurum þótti óþægilegt að mæta beint í kennslu eftir jólaleyfi en hafa ekki einn starfsdag til að undirbúa kennsluna. Nemendur ræddu einnig um að þau söknuðu prófslokum en venja hefur verið að gera sér eitthvað til skemmtunar í tilefni þess. Símat er orðið algengt matsferli í skólum og það sama er að gerast í framhaldsskólum en það gerir að verkum að ekki verða eins sterk skil á lok prófa eins og áður.
3. Rætt var um skóladagatal og það var sett upp í samráði við leikskólann til að börnin í leik- og grunnskólanum væru í leyfi á sömu dögum. Jólagleðin verður föstudaginn 16. desember og kennarar fá starfsdag eftir nýár. Reynt er að stilla spari- og starfsdögum í kringum helgi til að lengja helgarfrí sem þá má horfa á sem ígildi vetrarleyfis en við höfum ekki tekið það heldur stýtt skólaárið sem því nemur. Páskaleyfi verður seint og sparidagur eftir sumardaginn fyrsta er eini starfsdagur sem ekki er hægt að taka á sama tíma og leikskólinn.
4. Beðið var um athugasemdir við skólanámskránnu og var enginn sem hafði neinar athugasemdir við hana.
5. Rætt var um símamál en þau eru ákveðið vandamál á elsta stigi en ekki á yngri stigum. Fram kom að starfsfólk á elsta stigi er að nota síma í kennslustundum og ákveðið var að ræða það við fólknið en á yngri stigum er starfsfólk ekki með síma nema ef það á von á samtali og þá er það tilkynnt í upphafi kennslustundar. Nemendur töldu að umfjöllun í fjölmiðlum á sínum tíma um að skólinn hefði ekki rétt á að taka síma af nemendum hefði haft þau áhrif að nemendur nota þau rök. Rætt var um að allir nemendur myndu setja símana í „box“ í upphafi kennslustundar en Birna sagði það vandamál vegna trygginga. Nemendur sögðust nota símann í samskiptum sín á milli. Það kom fram að símar eru leyfðir í FSU en bannaðir í MR. Ákveðið var að fulltrúar nemenda færu með þessa umræðu í sinn hóp því mikilvægt er að finna lausn á þessu.
6. Tekin var upp umræða frá fyrri fundi um að vera með læsisdag í samráði við leikskólann. Birna var búin að ræða við þá og þau eru áhugasöm um þetta verkefni. Rætt var um að daginn 8. september 2016 en sá dagur er dagur læsis. Það gæti verið öflugt að byrja skólaárið kröftuglega. T.d væri hægt að vera með opinn fund um mál

tengt lestri og fá Brynhildi Þórarinsdóttur, rithöfund til okkar. Að kynna betur mikilvægi heimalesturs, að sýna foreldrum hvernig les barn sem er búin að ná markmiðum lesturs í 4. bekk, í 7. bekk, að foreldrar fái að sjá lestrapróf og framkvæmd þeirra. Að sýna hvað er hljóða- og stafaaðferð. Hægt væri að hafa 4 – 6 vinnustöðvar sem hægt er að velja sig inn á. Hver vinnustöð gæti verið 40 mín. Að kynna niðurstöður rannsókna sem sýna á mjög skýran hátt hvernig daglegur lestur getur aukið lestragetuna á stuttum tíma. Að virkja nemendur t.d. að flæði verði á milli stiga og eða nemandi af elsta stigi bjóði þeim á yngsta að koma og hlusta á upplestur og/eða leikræna tjáningu. Þá var einnig rætt um mikilvægi þess að byrja fyrr að láta nemendur koma upp og lesa upphátt eða tala upphátt yfir hóp. Einnig var rætt um að ef af þessu verður að taka þá upp fyrirlestra og setja á heimasíðu skólans til að þeir sem ekki kæmust gætu þá kynnt sér efnið.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 14:50.

Ritari Jórunn Helena